
Ofjarli mætt

– sannsögulegt samtal úr flugvél

Úr mínu höfði

Hallgrímur Helgason



Hallgrímur Helgason

Það er ekki það oft sem maður mætir ofjarli sínum en þetta henti mig þó á dögunum er mig bar heim á leið til Íslands utan frá Ameríku, í einu af hinum þröngu sætum Flugleiða rétt fyrir jólin sem nú eru nýliðin. Mér hafði verið holað niður aftarlega í vélinni þó ekki í raðir reykjenda heldur í miðsæti á milli tveggja misaldra kvenna. Á vinstri hönd mína sat herfrið ung stúlka sem ég taldi þegar að væri hánorsk og sannaði hún mér það innsæi mjög fljótlega með sínum vængjaða talanda, en mér á hægri hönd sat hins vegar roskin bandarísk húsmóðir eða svo sýndist mér einnig réttilega vera. Hér var ég sem sagt staddur í nokkurri kvennaklemmu, á milli tveggja nálægra sálna sem mér sýndust á svipnum að væru iðandi af löngun til þess að tala og tala út, opna sig og standa berskjaldaðar gagnvart mér. Það var því með óvenjulegri ákveðni sem ég greip og gróf mig niður í eintak af DV sem flugfreyjan hafði rétt mér áður en vélin tók sig á loft. Af þegjandi áfergju sökkti ég mér niður í nýlegar íslenskar fréttir af utanför Guðna Bergs og heimkomu Lindu Péturs.

En þó að DV sé bæði stórt og mikið blað er erfitt að treina sér það til lesningar alla leið frá Hudson-flóa og heim að Reykjanesvita og skammt undan Grænlandsströndum hef ég lokið við skemmtilega upptalningu á helgarvöktum apótekanna og neyðist til þess að láta blaðið góða niður síga. Ég sit varnarlaus gagnvart þessum tveimur málfreyjum og stoðar lítt þótt ég reyni að skoða leiðarvísi neyðarútganga vélarinnar, hann verður mér alls ekki sú vörn sem Dagblaðið. Og von bráðar byrjar sú til hægri að krukka í mig með lúmskum athugasemdum. Að hætti Ameríkana hefur hún spurningahríðina á þeirri sígildu „Hvaðan ert þú?“ og síðan fylgja fleiri og lengri að loknum stuttlegum svörum mínum. En mér á óvart lengjast þó smám saman svör mín og það vottar jafnvel fyrir áhuga með mér á þessari konu sem virðist svo átakanlega venjuleg. Eitthvað er það sem ég finn í fari hennar sem kallar á áhuga minn, eitthvað sem kemur í ljós þegar á samtalið líður. Smám saman rennur það upp fyrir manni að hér er ekki við að ræða neina venjulega manneskju, nei, hér hefur maður greinilega loks mætt ofjarli sínum, þessi kona er ein af þeim sem kann allt, veit allt og hefur gert það allt saman sjálf.

Þetta samtal okkar fer sakleysislega af stað og hún bendir mér á ullarvöruauglýsingarnar í „Atlantica“-tímaritinu með öllum hinum geysifögru ljósmyndum Páls Stefánssonar og við hefjum spjall um iðnrekstur. Þar kem ég ekki að tómum kofanum því í ljós kemur að hún hefur nýhafið rekstur á sínu eigin fyrirtæki, hún sér um allt í sambandi við pakkningar, gjafaumbúðir og svoleiðis, „ef þú kaupir svona ilmvatn á flugvellinum, þá færðu svona pakkningar, eins og ég geri.“ Því miður kannast ég ekki við slíkar umbúðir þar sem ég kaupi sjaldan ilmvörur í flughöfnum en næ að sveigja umræðuna að íslensku módelunum í ullarpeysunum á litmyndunum í Atlantica. Égýja létt að því að módelstörfin séu nú alls ekkert auðveld, þetta sé hörkudjobb, en hún er þá fljót að flétta sér mat úr því, því „þetta þekki ég allt svo vel, elskan mín góða, ég var módel sjálf í tuttugu ár, já, já, biddu fyrir þér, maður, það var sko ekkert sældarlíf...“

Ekki treysti ég mér að halda fram umræðu um sýningarstörf við svo sviðsvana manneskju og kem mér undan henni með því að koma auga út um gluggann, þar sem í pólsvartri nóttunni blikkar óreglulegt ljós undir væng flugvélarinnar. Mér tekst að beina athygli hennar að því og spyr rétt sisvona hvort þetta sé nú ekki óeðlilegt blikk, varla eigi þetta að vera svona, er ekki eitthvað að? En vonir mínar um að eyða samtalinu út um gluggann með þessari tæknilegu athugasemd verða að engu þegar í ljós kemur að konan hefur einkaflugmannspróf, „Já, nei, blessaður, hafðu ekki áhyggjur af þessu þetta er bara flugsviðsljósið, ég þekki þetta svo vel, ég flýg nefnilega svo mikið, á meira að segja litla eins hreyfilsvél.“ Og þannig heldur hún áfram nokkra stund um leið og ég tek nokkur létt andvörp. Að loknum fleiri flugsögum fer hún síðan að grennslast fyrir um mína hagi en byrjar svo strax að mala meira þegar ég segist vera listmálari að atvinnu. „Nei, en gaman, ég er nefnilega líka svo mikið að mála, já, já, ég mála portrett og landslag, og stundum kannski dýramyndir líka en mér finnst bara svo erfitt að mála öll þessi hár, en þú, hvað málar þú?“


Ég get hins vegar ómögulega farið að lýsa því fyrir henni í fáum orðum og reyni í þriðja sinn að beina umræðunni inn á almennari brautir, fer að fjalla létt um vandamál líðandi stundar. Fljótt ber okkur niður í umfjöllun um ættleiðingar sem þó endar snögglega þegar hún opnar sig og upplýsir mig um að hún hafi sjálf verið ættleidd í tvígang. „Já, já, biddu fyrir þér, ég þekki þetta allt svo vel, heldurðu að ég hafi ekki verið svona óheppin með fjölskyldu í fyrra skiptið?“ Ég þakka pent þessa óvæntu opnun og reyni að fitja upp á óhuggulegri atburðum, en allt fyrir ekki, því „já, ég þekki það, mömmu var nefnilega nauðgað, þ.e.a.s. þannig varð hún ólétt að mér, já, já, blessaður, ég var svo mikið vandamálabarn.“ Það kemur létt á mig svo ég sveigi talið að hversdagslegri vanda, en í ljós kemur að konan er auðvitað tvífráskilin og skilur það því þeim mun betur. Enn reyni ég að skipta um gír og beini máli mínu að bjartari hliðum, segist hafa gengið í hjónaband á árinu, en það virkar þó hálflítilfjörlegt miðað við bónorðið sem hún fékk fyrr í vikunni og alla spennuna í kringum það.

Það kemur mér því ekki lengur á óvart þegar þessi kona við hlið mér í flugvélinni reynist vera skyggn að eigin sögn, hún þekki það vel hvernig hún sjái atburði langt fram í tímann, m.a. hafi hún sagt fyrir um flugslysið mikla í Skotlandi. Ég malda lítt í mótinn og fer eitthvað að babbla um hve hræðilegt það hafi nú verið, fjöldi manns hafi dáið. En ég hrekk þó fljótt upp úr því áhugaleysisgjálfri þegar hún fyllir mælinn með athugasemd sem úr munni hennar hljómar þó jafnhversdagslega og allar hinar á undan. „Dáið, já, já, elskan mín góða, það þekki ég nú svo vel, því að ég hef nefnilega dáið sjálf, biddu fyrir þér, ég lá þarna á skurðarborðinu hjá þeim eftir bílslysið og sveif bara sisvona upp úr líkamanum og sá sjálfan mig liggja þarna undir hnífunum hjá þeim, þetta var svona kortér, tuttugu mínútur, ég dó í svona kortér, áður en ég kom aftur niður.“

Að þessu loknu treysti ég mér ekki til að heyra meira, næg var þessi ofurmennska orðin í bili og pínulítill lét ég mig síga niður í sætið um leið og sú norska hinum megin við mig lifnaði við. Hún hafði heyrt að einhver hafði dáið, einhver var í tali sínu komin út yfir gröf og dauða og það fékk hún ekki staðist og hóf þegar þátttöku í þessum umræðum. En ég hallaði sæti mínu aftur og lét sem ég svæfi það sem eftir var leiðar heim til Íslands þó ég fengi alls ekki sofið, því yfir hinum heimsku hausamótum mínum fóru nú fram einar þær mestu, dýpstu, opnustu og einlægustu samræður sem fram hafa farið á milli tveggja skrafunnandi kvenna. Flaug þar á milli þeirra margur gullmolinn og mörg þekkingin sem ég fékk aflað mér með þessum gervisvefni, leyndarmál sem ég get því miður ekki miðlað til háttvirtra lesenda af einföldum ástæðum.

Hallgrímur Helgason.





Frá Textíltriennalnum að Kjarvalsstöðum, í forgrunni eru verk eftir Jennifer Lloyd, Noregi.

Veftir öðrum þræði

Fimmti norræni Textíltríennalinn

Árið 1988 var nokkuð gott fyrir unnendur veflista á Íslandi. Telst mér til að um það bil fimmtán veflistarsýningar hafi verið haldnar á því tímabili, þar á meðal nokkrar eftir þekktar listakonur á borð við Guðrúnu Gunnarsdóttur, Ásu Ólafsdóttur, Kristínu Jónsdóttur frá Munkaþverá og Halldóru Thoroddsen. Auk þess komu að minnsta kosti þrjár markverðar sýningar að utan : Sænsk veflist, samsýningin „saarilla“ og „3 norrænar veflistakonur“ (Annette Graae, Merete Zacho & Anette Örom).

Ekki fór á milli mála að á öllum þessum sýningum var fyrst og fremst gengið erinda þráðar og vefta, könnuð mýkt og áferð bands og þanþol þels.

Við vitum sem sagt hvar við stöndum þegar verk ofangreindra listamanna eru annars vegar.

Svo kemur Norræni textíltríennalinn, og við vitum ekki okkar rjúkandi ráð, því þar stríðir fjöldi verka jafnan gegn grundvallarreglum um veflistir.

Sem þýðir ekki að þau séu slæm, seisei nei, heldur aðeins að þau séu til orðin á allt öðrum forsendum.

Þá er spurningin hvort ekki sé löngu orðið tímabært annað tveggja að þrengja vinnureglur dómnefndar, eða að gera þær enn frjálslegri og kenna sýninguna þá við „mjúk efni“ eða „efnabreytingar“ fremur en veflistir.

Ég vil í þessu sambandi minna á „Stoffwechsel“ sýningarnar í Kassel þar sem tilraunir með mjúk efni eru í fyrirrúmi.

Pappírsmassi og tjörupappi

Þessar hugsanir flökruðu að mér við skoðun á fimmta Textíltríennalnum, sem nú hefur göngu sína að Kjarvalsstöðum og verður á flakki um Norðurlöndin öll árið 1989.

Þar eru nefnilega verk sem mundu sóma sér vel á flestum skúlptúrsýningum, gerð úr handgerðum pappír, pappírsmassa og tjörupappa, eða úr gerviefnum: plastþynnum, álþynnum, pólýester og plexígleri.

Þarna eru grafísk þrykk á dúkum, svo og málverk á dúkum, vantar aðeins blindrammann.

Einnig er áberandi að á sýningunni er leitun að verkum með minnstu hlutbundnu skírskotun, sem kemur soldið flatt upp á mann eftir norrænu samsýningarnar sem nefndar voru hér í upphafi.

Þar virtist nefnilega ríkja jafnræði milli hins hlutbundna og hins óhlutbundna.

En ítrekað skal að efasemdir mínar varða eingöngu þær forsendur, eða vöntun á forsendum, sem þessi Textíltríennall er reistur á, ekki þau verk sem á honum eru sýnd.

Uppíloft og upp á nýtt

Þar má nefnilega líta fjöldann allan af verkum sem reyna með ýmsum hætti á hefðbundinn efnivið og viðtekin viðhorf, sérstaklega í þrívíðri list, snúa þeim uppíloft og skilgreina þau upp á nýtt.

Ég vil til dæmis nefna renninga Beret Aksnes frá Noregi, filt-skúlptúra löndu hennar, Kristine Brodersen, pólýester-skúlptúra Gjertrud Hals, einnig frá Noregi, gólf-samloku Leenu Rantanen, Finnlandi, lín-og tjörupappaverk Önnuliisu Troberg, Finnlandi og „brú“ Merju Winqvist, Finnlandi.

Mér sýnist sem sagt á öllu sem norskir og finnskir listamenn komi best út úr þessum Tríennal.

Þess ber einnig að geta að uppsetning á sýningunni er sérlega stílhrein og smekkleg.

-ai.